



## Hreppsnefnd 27.11.08

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 27. nóv. 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 12.00. Á fundinn voru mætt Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Halldóra S. Árnadóttir, Anna Pála Víglundsdóttir, Kristín Reynisdóttir, Björn Halldórsson og Þórdís Þorbergsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 20. nóv. sl.  
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 6. nóv. sl.  
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Álagning útsvars 2009. Ákvörðun útsvarsprósentu.  
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, en útsvarsprósentu næsta árs skal ákveða skv. sveitarstjórnarlögum eigi síðar en 30. nóv. og tilkynna til tekjudeildar fjármálaráðuneytisins eigi síðar en 15. des. n. k.  
Lagði hann síðan fram svofellda tillögu:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps samþykkir að álagt útsvar tekjuárið 2009 verði 13,03 % af útsvarsstofni”.

Tillagan gerir ráð fyrir að útsvarsálagning á Vopnafirði árið 2009 verði sú sama og 2008, sem er hámarksálagning. Heimilt er að hafa hana að lágmarki 11,24 %.  
Fyrirliggjandi tillaga síðan samþykkt samhljóða.

3. mál Álagning fasteignagjalda. Ákvörðun álagningarforsenda.-Tillaga-  
Lögð fram tillaga að álagningu fasteignagjalda, þ.e. fasteignaskatts, vatnsgjalds, holræsagjalds og lóðarleigu. Jafnframt kynnt tillaga að sorphirðugjaldi og reglur um niðurfellingu gjalda til elli- og örorkulífeyrisþega.  
Talsverðar vangaveltur urðu á fundinum um það hvaða forsendur skyldu lagðar til grundvallar við álagningu þessara gjalda.  
Afgreiðslu tillögunnar frestað til næsta fundar hreppsnefndar.

4. mál Staða Vopnafjarðarhepps og stefna í ljósi efnahagsþrenginga þjóðarinnar.  
Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2008 og undirbúningur fjárhagsáætlunar 2009.  
Gerð var grein fyrir vinnu sem fram hefur farið varðandi vinnslu á útgönguspá fyrir árið 2008. Jafnframt gerð grein fyrir vinnu með forstöðumönnum deilda og stofnana. Ræddir voru möguleikar á hagræðingu í rekstri og hvernig helst væri mögulegt að ná niður rekstrarkostnaði bæði á launa og rekstrarþætti. Ákveðið að vinna áfram að tillögugerð í þeim efnunum.

Undir þessum lið var einnig gerð grein fyrir því að á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, sem haldinn var um miðjan mánuðinn, boðaði fjármálaráðherra allt að 25 % lækkun tekna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Slík lækkun hefur veruleg áhrif á afkomu sveitarfélaga sem notið hafa framlaga úr sjóðnum á liðnum árum. Með sérstökum aðgerðum þarf að tryggja Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sambærilegar tekjur og hann hefur fengið á liðnum árum. Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga voru sett fram skýr skilaboð til stjórnvalda um mikilvægi þessara tekjuframlaga sveitarfélaganna.

Í framhaldi var lögð fram svofelld tillaga:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps leggur þunga áherslu á það við stjórnvöld, að með sértækum aðgerðum verði séð til þess, að famlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði ekki skert við núverandi aðstæður.

Slík skerðing hefur veruleg áhrif á fjárhag margra sveitarfélaga og leiðir til þess að erfitt og jafnvel

ómögulegt getur reynst að halda uppi óskertri grunnþjónustu við íbúana. Vopnafjarðarheppur, sem og flest önnur sveitarfélög hafa sett sér það markmið að standa vörð um grunnþjónustu, sem veitt er í sveitarfélaginu“.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða.

5. mál Eignarhlutur Vopnafjarðarhrepps í Samvinnutryggingum GT/Gift.

Á fundinum var fjallað um eignarhlut Vopnafjarðarhrepps í Samvinnutryggingum GT/Gift, sem af fréttum að dæma virðist vera gufaður upp. Í máli manna kom fram að hér er um verulega stórar fjárhæðir að ræða og hreint óskiljanlegt hvernig búið er að halda á málum hvað varðveislu fjárins varðar og ekki síður seinagang í því að skila eignarhlut til viðkomandi eigenda.

Að svo búnu var lögð fram svofelld tillaga:

„Vopnafjarðarheppur krefst þess að forsvarsmenn Samvinnutrygginga GT/Giftar upplýsi hvernig höndlað hefur verið með eignarhluti sveitarfélagsins og annarra í þessu félagi og samkvæmt hvaða heimildum/umboði það var gert.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að óskað verði eftir því við lögfræðideild Sambands íslenskra sveitarfélaga að hún sjái til þess að fram fari opinber rannsókn á því misferli, sem virðist hafa átt sér stað, þegar almannafé, sem hér umræðir var notað til glæfralegra fjárfestinga án samráðs við eigendur fjárins.“

Fyrirliggjandi tillaga var samþykkt samhljóða.

6. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Bréf Umhverfisstofnunar dags. 20. nóv. sl. varðandi hreindýraarð.

Bréf Umhverfisstofnunar frá 20. nóv. sl. varðandi hreindýraarð lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið.